

Hálendisgæsla á Kili 16.-23. júlí 2010

Föstudagur 16.7.

Lagt var af stað úr Þórnyjarbúð til hálendisgæslu rétt fyrir hádegi á tveimur bílum, með fjórhjólíð á kerru. Einn einkabíll til viðbótar var með í för og lagði af stað norðurleiðina á Hveravelli fyrr um morguninn, með tjaldvagn í eftirdragi. Alls voru það átta manns og þrjár hundar sem komu að vaktinni.

Brákarmenn tóku á móti okkur á Hveravöllum í blíðskapar veðri og formleg vaktaskipti fóru fram. Farið var í leiðangur í Gíslaskála um kvöldið, en annars var tíminn nýttur til þess að koma sér fyrir í gámi og þremur tjöldum og heilsa upp á starfsfólk Hveravalla. Vegna umhverfisáhrifa var gámurinn þetta árið ómerktur og staðsettur á nýjum stað, í felum á bak við starfsmannahúsið og því ósýnilegur ferðamönnum af planinu. Smiðirnir drifu strax í því að hanna „stangir“ á gáminn og flagga SL- og Safe Travel fánunum. Rafmagnið var í ólagi og hafði víst verið frá upphafi Hálendisvaktar, því eftirspurn er meiri en staðurinn annar. Okkur tókst þó að hita kvöldmatinn en eftir það sló rafmagninu út á öllu svæðinu og gámurinn var aftengdur það sem eftir var vikunnar.

Rafmagnspörfinni var mætt með því að setja rafstöð staðarins af stað á kvöldin til eldamennsku, en símar og talstöðvar voru hlaðnar inni í skála og allt kaffi lagað á gasi. Upphitun gámsins var ekki til umræðu og því var „Guðrúnarbúð“ með möguleika á gashitun að mestu nýtt til samveru á svölum kvöldum.

Laugardagur 17.7.

Vaknað var á misjafnlega snemma dag í ágætis veðri. Tveir urðu eftir á Hveravöllum en hinir fóru á fjórhjólínu og Fordinum inn í Kerlingafjöll að heilsa upp á skálaverði og þaðan niður í Leppistungur, Svínárnes og að Helgaskála við Stóru Laxá. Öll vöð á leiðinni voru mynduð, GPS-hnitun og skráð fyrir Vegagerðina. Heitt var í veðri með sól og brakandi þurrki, en hvasst. Engin umferð var á svæðinu. Farið var niður fyrir Gullfoss og norður Kjöl aftur. Fjórhjólíð hikstaði á heimleið og var reynt að hreinsa loftsíuna – seinna kom í ljós að bólginn vatnskassi var vandamálið. Svo heppilega vildi til, að hægt var að nýta ferðina og seinkunina til að sinna verkefnum. Varahlutir fyrir Gunna staðarhaldara á Hveravöllum voru sóttir á Gullfossi og hjólreiðamönnum fylgt yfir Tungufljót á línuveginum. Rétt ofan við Hvítá ókum við fram á spariklædda konu á göngu um rykugan Kjalveginn, leitandi að símasambandi vegna bilaðs bíls. Átti hún langa og stranga göngu fyrir höndum, enda á miðju skuggasvæði og var því fegin að fá skutl til þess að láta vita af sér og aðstoð við viðgerð. Annars var fátt um verkefni þennan dag, fyrir utan smá vinnu við laugina á Hveravöllum og spjall við ferðamenn. Seint var komið í bækistöð og mæddi mikið á kokkinum sem var í startholunum með grillið allt kvöldið fram að miðnætti.

Sunnudagur 18.7.

Sumir menn sváfu frameftir en sólin fór snemma fram úr og baðaði svæðið. Veðrið hélst gott allan daginn og fór í 17° þótt dregið hafi fyrir um kvöldið. Þrjár voru á vaktinni á Hveravöllum og dunduðu sér við göngur, lestur, sólbað og upplýsingagjöf. Kjölur 1 og 2 fóru í það að

kanna Blönduvöðin og hringa Blöndulón með heimsókn í Ströngukvíslarskála, Galtarskála og Áfanga. Ekki var hægt að vaða efra Blönduvaðið og fengu menn allhressilega að kenna á straumstyrk jöluláa, þegar vaðmaðurinn missti fótanna í straumhörðum ál. Þar sem aðrir vildu ekki vera minni menn fór allur hópurinn og bleytti í sér í lauginni á Hveravöllum um kvöldið.

Einn nýr liðsmaður var sóttur við Blöndulón um kvöldið en tveir aðrir héldu heim á Kjöl 2.

Mánudagur 19. Júlí

Afskaplega fallegur morgun beið okkar snemma með sól og stillu. Um níu-leytið lagði hluti hópsins af stað inn að Blágnípujökli í samfloti með Ingvari Þórisssyni fjallakappa og nokkrum Frökkum, sem voru undir hans leiðsögn - aðrir urðu eftir á vaktinni á Hveravöllum.

Vaðið yfir Jökulkvísl var í lagi, þótt yxi skart yfir daginn. Hópurinn gekk saman upp á jökulinn og kannaði svelgi, sprungur og hella við topp aðstæður. Gott göngufæri og sólbráð með einstöku útsýni yfir stóran hluta Kjalvegs. Komið var heim á Hveravelli síðdegis og slappað af í 18° hita. Talsvert var af ferðamönnum yfir daginn en fá verkefni, aðallega upplýsingagjöf og spjall. Ferðalangur frá Ísrael þáði aðstoð við að rata til Hveravalla og varð mjög hissa þegar við gátum ekki bent á snjóinn og sleðahundana, sem hann átti von á að sjá á hálendinu. Skipti þá engu að benda á jöklana beggja megin við Kjalveg. Sami aðili þræddi árangurslaust öll skúmaskot á Hveravöllum með kaffivél í hendi, leitandi að innstungu, sennilega vanur betri aðstöðu á tjaldsvæðum erlendis.

Um kvöldið skuluðu allir af sér svita og ryk á Áfanga.

Þriðjudagur 20. Júlí

Enn vakti sólin okkur, en þennan dag var strekkingsvindur með líka. Hitinn fór aftur nálægt öðrum tug. Að venju skiptu menn liði og var einn maður á Hveravöllum meðan restin fór í leiðangur í Þverbrekknamála, Árbúðir og Hvítárnes. Talsverð umferð var um Kjalveg og þó nokkurt ryk. Í Þverbrekknamála var gert við skó og vatnsbirgðir skildar eftir fyrir göngufólk á gamla Kjalvegi, því minna var af drykkjarvatni á svæðinu vegna þurrka. Gámurinn var nýttur sem sjúkraskýli síðdegis, fyrir þýska hestakonu sem þjáðist af sólsting og migreni. Þrátt fyrir veikindin var ekki að spyrja að þýskri kurteisi og reglum, sem gera ráð fyrir að ókunnugir á þroskuðum aldri, óháð staðsetningu og aðstæðum, séu „þér“aðir. Nokkur dekkja- og bílaverkefni voru einnig yfir daginn á Hveravöllum og nágrenni.

Sykrum og söltum sem menn höfðu svitað yfir daginn var skipt út fyrir kjötsúpu og súkkulaði í Guðrúnarbúð. Restinni gerðu björgunarsveitamenn og frænkur af Skaganum skil, en þær komu við í heimsókn. Rétt fyrir miðnætti gerði svartapöku og kólnaði mikið í gáminum og tjöldum.

Miðvikudagur 21. Júlí

Þokan var horfin þegar menn fóru á fætur um morguninn og enn einn dagur með sól, hita og faktor 15 bættist við. Svo heitt varð um miðjan dag, að taka varð siestu í láréttri stöðu að suðrænum síð. Fyrir hádegi lögðu fjórir af stað inn á Þröskuld en urðu frá að hverfa, þegar tilkynning kom um bíl í Blöndu. Útlendingar í ævintýraleit höfðu reynt ein-bíla við neðra

Blönduvað og sem betur fer lent á steini, áður en dýpið og straumurinn urðu meiri. Ekkert símasamband er á þessum stað og snúið að gera vart við sig, enda vaðið fáfarið og langt frá Kjalvegi sjálfum. Eftir að bílinn hafði verið losaður og tæmdur af vatni, var fólkinu fylgt tilbaka út á Kjalveg.

Þröskuldur var svo heimsóttur aftur þegar menn höfði matast og hvílst. Gengið var niður í skálann í Þjófadal og heilsað upp á göngufólk, en dalurinn var vinsæll þennan dag og heimsóttur bæði af gangandi, mótorhjólum og bílum. Hópurinn tók léttu sigæfingu með nýjum búnaði í einni brekkunni, áður en haldið var á Hveravelli aftur.

Um kvöldið dró fyrir sólu og kólnaði. Vöflukaffi í Guðrúnarbúð.

Fimmtudagur 22. Júlí

Þrátt fyrir svala nótt og skýjabreiður með smá súldarvott sums staðar á svæðinu, var ágætis hiti þennan dag. Nokkrir fóru í leiðangur inn í Kerlingafjöll og í Svartárbotna en aðrir urðu eftir á Hveravöllum. Menn ókyrrðust þegar tvö útköll á Höfuðborgarsvæðinu komu með stuttu millibili miðjan dag, en nokkuð var einnig um verkefni á Hálandinu. Kíkt var á bíla og hásinar – í báðum tilfellum of mikið álag. Neyðarlínan bað okkur um að grennslast fyrir um bíl fastan í á, á Stórasandsleið, en afturkallaði þegar í ljós kom að staðsetningin var í túnfætinum hjá Ok.

Sturtur voru í boði Áfanga og Gíslaskála þennan daginn.

Um kvöldið var ráðgerður leiðangur inn að Jökulkrók en sú ferð var blásin af vegna veikinda eins úr hópnum. Upp úr miðnætti var ákveðið að flytja hann á sjúkrahús vegna mikilla höfuðkvala, sem jukust þrátt fyrir verkjalyf. Sendur var sjúkrabíll á móti frá Blönduósi og mættust menn við norðurenda Blöndulóns.

Föstudagur 23. Júlí

Strekkingsvindur og vísir að rigningu rak tjaldbúa snemma á fætur og í það verkefni að taka saman. Ekkert varð þó úr vætunni, heldur glitti fljótlega í sól á milli skýja og má segja að vikan öll hafi verið nánast án úrkomu á Hveravöllum. Nokkuð jákvæðar fréttir bárust af sjúkrahúsinu á Blönduósi – sjúklingur útskrifaður, þótt frekari rannsóknir bíða. Eitthvað var um spjall við ferðamenn á Hveravöllum og áberandi hvað gosið í Eyjafjallajökli barst í tal. Virtust útlendingarnir almennt vel upplýstir, en jafnframt ennþá hræðast öskuna og óvissuna um goslok og ekki skilja jafnaðargeð Íslendinga gagnvart náttúruöflunum.

Farangri og búnaði var komið fyrir í bílum og upp úr hádegi lagði einkabíllinn í ann norðurleiðina. Aðrir biðu eftir Ársól frá Reyðarfirði sem mætti til vaktar um fimmleytið.

Heimferðin gekk vel og voru síðustu verkefnin við Gullfoss. Heimkoma í Þórnyjarbúð um 23-leytið með um klst frágang og tiltekt.

Alls voru eknir 2600 km í vikunni.